

Almennar siðareglur starfsfólks v. starfsmannastefnu.

1. Starfsfólk Hvalfjarðarsveitar starfar fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins og er því skylt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hagsmunaflo.
2. Hlutverk hlutverk starfsmanna sveitarfélagsins er að veita kjörnum fulltrúum Hvalfjarðarsveitar ráðgjöf og annast framkvæmd á ákvörðunum sem þeir taka fyrir hönd íbúa sveitarfélagsins.
3. Yfirmenn, sem taka ákvarðanir eða gera tillögur um ráðningu á starfsfólki, skulu ávalt gæta fagmennsku og persónulegs hlutleysis í hvívetna og forðast að láta skyldleika, vensl, venskap eða stjórnmalaskoðanir ráða ákvörðun sinni sbr. ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993.
4. Starfsfólk, sem tekur ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar skal ávallt gæta hagsmuna sveitarfélagsins og persónulegs hlutleysis við val á viðskiptaaðilum.
5. Starfsfólki ber gæta gagnsæis í vinnubrögðum og veita almenning upplýsingar um starfshætti og rekstur sveitarfélagsins, en þó skal það gæta trúnaðar gagnvart öllum óviðkomandi um málefni einstaklinga og upplýsingar um einkahagi fólks, er það verður áskynja um í starfi, sbr. ákvæði 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.
6. Starfsmenn skulu sýna trúnað gagnvart vinnuveitanda sínum og gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja og varðar persónulega hagi umbjóðenda, viðskiptavina eða samstarfsmanna.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 12. Júní 2012.